24. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
Dagsetning: 27.5.2024
Fundartími: 17:30 – 19:00

Mætt til fundar:

Linda Hrönn Þórisdóttir formaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Svanur Karl Grjetarsson aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Katrín Huld Káradóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

1. Matsskyldu fyrirspurn vegna biktanka að Álhellu 34, Hafnarfirði
2. Deiliskipulag við Selmerkurveg - Mosfellsbæ
3. Coda Terminal, umhverfismatsskýrsla í kynningu
4. Loftgæðavöktun Norðurhellu í Hafnarfirði, samantekt 2023
5. Loftgæðavöktun Dalsmára í Kópavogi, samantekt 2023
6. Loftgæðavöktun Hörðuvallaskóla í Kópavogi, samantekt 2023
7. Loftgæðavöktun á Garðaholti, Garðabæ - samantekt 2023
8. Loftgæðavöktun Hvaleyrarholti, samantekt 2023
9. Formennska í heilbrigðisnefnd
10. Tónlistarhátíðin Hjarta Hafnarfjarðar
11. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 30. apríl 2024
12. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 8. maí 2024
13. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 14. maí 2024
14. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 22. maí 2024

1. Matsskyldu fyrirspurn vegna biktanka að Álhellu 34, Hafnarfirði

Heilbrigðiseftirlitið hefur fengið fyrirspurn frá Skipulagsstofnun um hvort aukin geymsla á biki hjá Malbikunarstöð Höfða að Álhellu 34 sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Við geymslu á asfalti og flutningi þess geta komið upp vandamál vegna lyktarmengunar. Heilbrigðiseftirlitið leggur áherslu á að gera þurfi grein fyrir með hvaða hætti fyrirtækið ætlar að lágmarka loftmengun. Gildir það bæði um átöppun og geymslu. Starfsemi Malbikunarstöðvar Höfða er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Heilbrigðisnefnd tekur undir ákvörðun heilbrigðiseftirlits um að framkvæmdin hafi ekki í för með sér umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

2. Deiliskipulag við Selmerkurveg - Mosfellsbæ

Óskað er umsagnar á tillögu að deiliskipulagi fyrir landsvæðið Seldal við Selmerkurveg, landsnúmer L125331, sem er í landi Miðdals í Mosfellsbæ. Afmarkanir skipulagssvæðisins eru Selmerkurvegur (afleggjari af Nesjavallaleið) ásamt aðliggjandi lóðum til norðurs, austurs, og suðurs.
Hluti svæðisins liggur á verndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins, öryggissvæði vegna grunnvatns. Vakin er athygli á að allar framkvæmdir og mannvirkjagerð á öryggissvæði vatnsverndar er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar áður en framkvæmdir hefjast sbr. 59. gr. samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla nr. 555/2015 og öll starfsemi sem hefur í för með sér mengun er óheimil.
Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við auglýsta deiliskipulagsbreytingu, en vekur athygli á að sækja þarf um leyfi heilbrigðisnefndar við gerð vega, lagningu á bundnu slitlagi og afla þarf leyfis heilbrigðisnefndar við alla mannvirkjagerð þ.m.t. frágang á fráveitu og rotþró.

3. Coda Terminal, umhverfismatsskýrsla í kynningu

Coda Terminal hf. hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna móttöku og geymslustöð fyrir koldíoxíð í Straumsvík. Framkvæmdin felst í niðurdælingu og varanlegri bindingu CO2 í bergi. Fullbyggð mun Coda Terminal dæla niður allt að þremur milljónum tonna af CO2 árlega.
Heilbrigðisnefnd er falið að gera umsögn þar sem fram á að koma hvort nefndin hafi athugasemdir við umfjöllun í skýrslunni út frá starfssviði heilbrigðisnefndar, svo sem um gögn sem byggt er, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrif eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig ef við á, hvort geri þurfi frekari skil eða hafa í huga við leyfisveitingar, sérstakar mótvægisaðgerðir og vöktun. Carbfix verður með opinn kynningarfund um umhverfismat Coda Terminal fimmtudaginn 30. maí kl. 1730. Frestur til að skila inn umsögnum rennur út 5. júlí n.k.
Lagt fram til kynningar.

4. Loftgæðavöktun Norðurhellu í Hafnarfirði, samantekt 2023

Lagt fram til kynningar samantekt loftgæðavöktunar frá loftgæðastöð staðsettri á Norðurhellu í Hafnarfirði. Mæliþættir í lofti eru: Svifryk, PM10 og PM2,5, nituroxíð (NO, NO2, NOX), brennisteinstvíoxíð (SO2) og brennisteinsvetni (H2S). Unnið er úr mæligögn um sem safnað er í stöðinni á Norðurhellu.
Meðalhiti ársins á Norðurhellu mældist 4,9°C, meðalvindhraði mældist 3,1 m/s og algengustu áttir voru suðaustlægar. Veðurfar ársins 2023 var að mestu sæmilegt. Það var í heild lítillega í svalara lagi en hægviðrasamt, þurrt og snjólétt. Ársmeðaltal PM10 var 8,8 µg/m3 og PM2,5 4,7 µg/m3 . Niðurstöður árið 2023 fyrir PM10 og PM2,5 eru hærri en áður hafa mælst. Hæsta meðalgildi dags var PM10 59 µg/m3 þ. 3.5. sem var eini dagurinn sem mældist yfir heilsuverndarmörkum (50 µg/m3). Hæsta stundargildi gerði á nýjársnótt strax eftir miðnætti, 403 µg/m3 en næstu þrjú hæstu gildin þar á eftir voru öll frá 3.5.Ársmeðaltal brennisteinstvíoxíðs (SO2) á mælistöðinni var 1,1 µg SO2/m3 og er í meðallagi fyrir Norðurhellu en gildi þar eru að jafnaði ekki há. Gróðurverndarmörk árs eru 20 µg SO2/m3 . Hæsta meðaltal dags þ. 27.7. mældist 17 µg SO2/m3 og er vel undir heilsuverndarmörkum (125 µg/m3) og mátti rekja til gossins við Litla-Hrút.Ársmeðaltal loftkennds brennisteinsvetnis (H2S) á mælistöðinni var 2,6 µg H2S/m3 , sem er undir ársheilsuverndarmörkum (5 µg H2S/m3) en hefur aldrei mælst hærra á stöðinni. Ástæðan er algengi austanátta, sem voru allt að þriðjungi til helmingi algengari árið 2023 en næstu ár á undan.Ársmeðaltal niturtvíoxíðs (NO2) á mælistöðinni var 6,0 µg NO2/m3 og svipað og árið á undan og telst í meðallagi. Ársmeðaltal nituroxíða (NOX) á mælistöðinni var 7,8 µg NOX/m3 . Meðaltal ársins er vel undir gróðurverndarmörkum (30 µg/m3).Svifryk og brennisteinsvetni voru með hæsta móti á árinu 2023 og má rekja það til veðurlags, þurrar, kaldrar veðráttu sem var tiltölulega hægviðrasöm með algengum austanáttum. Brennisteinstvíoxíð og nituroxíð voru í meðallagi, þrátt fyrir gos í júlí og að umferð væri með mesta móti höfuðborgarsvæðinu. Mælingar á árinu fóru ekki yfir umhverfismörk sem sett eru eða eru innan leyfðra frávika.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Heilbrigðisnefnd þakkar samantektina og vekur athygli á að hægt er að nálgast skýrslurnar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins. Teknar hafa verið saman niðurstöður úr loftgæðastöðinni við Norðurhellu nú í nokkur ár og er mikilvægt að nákvæmar upplýsingar liggi fyrir um þróun loftgæða á svæðinu.

5. Loftgæðavöktun Dalsmára í Kópavogi, samantekt 2023

Lagt fram til kynningar samantekt loftgæðavöktunar frá loftgæðastöðvinni í Dalsmára. Teknar eru saman niðurstöður mælinga í lofti og eru eftirfarandi mæliþættir skoðaðir, svifryk, PM1, PM2,5, PM4 PM10 og heildaryk, nituroxíð (NO, NO2, NOX), brennisteinstvíoxíð (SO2) og brennisteinsvetni (H2S). Veðurfar ársins 2023 var að mestu sæmilegt. Það var í heild lítillega í svalara lagi en hægviðrasamt, þurrt og snjólétt. Árið var tiltölulega þurrt og var úrkoma undir meðallagi um mest allt land. Það voru nokkur þurr tímabil á árinu, t.d. í mars og í júlí. Þó var óvenju þungbúið og blautt á sunnan- og vestanverðu landinu í maí og júní.Meðaltal svifryks voru lítillega umfram meðaltal, en hæsta meðalgildi dags var 10. júlí, þ.e. PM2,5 mældist 46 µg/m3 og reyndist það vera tilkomið vegna framkvæmda á malarplani vestan við mælistöðina. Hæsta stundargildi PM2,5 mældist hins vegar gríðarhátt þ. 1.1. á nýjársnótt strax eftir miðnætti, 567 µg/m3 í norðnorðaustan golu. Einnig mældust mjög há stundargildi á síðastliðnu gamlárskvöldi frá níu um kvöldið til miðnættis. Alls mældust 28 stundir af PM2,5 yfir 50 µg/m3 og er umfram meðallag. Ársmeðaltal brennisteinstvíoxíðs (SO2) á mælistöðinni var 1,2 µg SO2/m3 og telst í hærra lagi á þessari mælistöð, þó það sé mun lægra en árið 2021, þegar mengunar gætti verulega frá gosi í Meradölum. Ársmeðaltal loftkennds brennisteinsvetnis (H2S) á mælistöðinni var 3,1 µg H2S/m3 , sem er undir ársheilsuverndarmörkum (5 µg H2S/m3). Niðurstaðan er sú næsthæsta sem hefur mælst á stöðinni. Ársmeðaltal niturtvíoxíðs (NO2) á mælistöðinni var 10,2 µg NO2/m3 sem er í meðallagi og svipað og árið á undan. Nituroxíðmengun er mjög tengd umferð og umferð var með mesta móti á árinu. Samantekið þá voru breytingar frá fyrra ári til hækkunar á meðaltölum svifryks og brennisteinstvíoxíðs og má líklega rekja það til þurrviðra, hægviðra og umferðar. Svifryk og brennisteinstvíoxíð voru í rúmu meðallagi miðað við lengri tíma. Brennisteinsvetni var með hærra móti. Umferð varð með mesta móti á árinu 2023 og styrkur nituroxíða mældist hár í byrjun og lok ársins, en var engu að síður í meðallagi yfir árið í heild. Mælingar á árinu fóru ekki yfir umhverfismörk sem sett eru eða voru innan leyfðra frávika.

Heilbrigðisnefnd þakkar samantektina og vekur athygli á að hægt er að nálgast skýrslurnar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins. Teknar hafa verið saman niðurstöður úr loftgæðastöðinni við Dalsmára nú í nokkur ár og er mikilvægt að nákvæmar upplýsingar liggi fyrir um þróun loftgæða á svæðinu.

6. Loftgæðavöktun Hörðuvallaskóla í Kópavogi, samantekt 2023

Lagt fram til kynningar samantekt loftgæðavöktunar frá loftgæðastöð staðsettri við Hörðurvallaskóla í Kópavogi. Loftgæðastöðin við Hörðuvallaskóla er ný loftgæðastöð í rekstri heilbrigðiseftirlitsins og hófust mælingar þar um mitt ár 2023.

Helstu niðurstöður urðu þær að meðaltal svifryks PM10 var 9,5 µg/m3 fyrir tímabilið jún-des 2023 og PM2,5 mældist 3,1 µg/m3, mælingar gerðar með leysiagnatalningu.Hæsta PM10 dagsgildið mældist 83 µg/m3 þ. 2.11. í norðaustan logni og fimm dagar fara yfir sólarhringsheilsuverndarmörk PM10 (50 µg/m3), sem er innan leyfilegs fjölda (7 dagar) frávika. Fjórir af þessum fimm dögum urðu í nóvemberbyrjun, í hægu og þurru veðri. Hæsta PM10 stundargildið mældist 370 µg/m3 þ. 24.6. kl.15 í mjög skammvinnum ryktoppi af grófu ryki í hægum suðsuðaustan andvara.Meðaltal brennisteinstvíoxíðs (SO2) á mælistöðinni var 1,0 µg SO2/m3 og telst eðlilegt fyrir stöð á höfuðborgarsvæðinu þar sem SO2 gildi eru yfirleitt ekki ýkja há, gjarnan þó um eða yfir 1 µg/m3 . Toppa í seinni hluta júlí má líklega rekja til gossins við Litla[1]Hrút. Gróðurverndarmörk árs eru 20 µg SO2/m3 . Hæsta meðaltal dags þ. 23.7. mældist 12 µg SO2/m3 og langt undir heilsuverndarmörkum (125 µg/m3) og má væntanlega rekja til gossins, þó vindátt væri hæg 2 vestlæg til norðlæg átt. Meðaltal loftkennds brennisteinsvetnis (H2S) á mælistöðinni var 4,6 µg H2S/m3 , sem er undir ársheilsuverndarmörkum (5

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

µg H2S/m3). Gilt metið mælitímabil var stutt og ekki hægt að draga miklar ályktanir af niðurstöðunum. Meðaltal nituroxíða (NOX) á mælistöðinni var 4,6 µg NOX/m3 , sem má teljast lágt. Meðaltalið er vel undir gróðurverndarmörkum (30 µg/m3). Hæsta meðaltal dags mældist 44 µg NOX/m3 þ. 29.12. Hæsta meðaltal klukkustundar var 166 µg NOX/m3 sama dag kl.16.Heildarsamantekt frá mælistöðinni við Hörðuvallaskóla eiga sumt sameiginlegt með mælingum í Dalsmára, Hvaleyrarholti og Norðurhellu. Þessar stöðvar eru staðsettar í eða ekki langt frá íbúabyggð, ekki alveg við meginumferðaræðar, en þær eru ekki mjög langt undan. Stærri iðnaðaruppsprettur loftmengunar eru nær Norðurhellu og Hvaleyrarholti, en sú mengun er ekki ráðandi á þeim stöðvum vegna þess hvernig algengustu vindáttir liggja. Á stöðvunum er blæbrigðamunur og vegna staðsetningar Hörðuvallastöðvarinnar mætti gera ráð fyrir lægri tölum en á hinum þremur, nema í tilfelli H2S, þar sem stöðin liggur nær meginuppsprettum. Mælingar á árinu fóru ekki yfir umhverfismörk sem sett eru eða voru innan leyfðra frávika.
Heilbrigðisnefnd þakkar samantektina og vekur athygli á að hægt er að nálgast skýrslurnar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins. Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að þessi loftgæðastöð er ný og að mikilvægt sé að efla loftgæðamælingar á svæði nefndarinnar.

7. Loftgæðavöktun á Garðaholti, Garðabæ - samantekt 2023

Lagt fram til kynningar samantekt loftgæðavöktunar frá loftgæðastöð staðsettri á Garðaholti í Garðabæ. Loftgæðastöðin við Garðaholt er ný færanleg loftgæðastöð í rekstri heilbrigðiseftirlitsins og hófust mælingar þar í september 2023.
Meðalhiti á Garðaholti á mælitímabilinu frá miðjum ágúst til loka árs mældist 5,2°C og meðalvindhraði mældist 2,9 m/s. Í vindrós á Garðaholti á þessu tímabili eru austanáttir langalgengastar en vindrósin gefur varla góða mynd af vindrós alls ársins. Mæliþættir í stöðinni í Garðaholti eru Svifryk, PM1, PM2,5, PM4 , PM10 og heildarryk, brennisteins tvíoxíð (SO2) og brennisteinsvetni (H2S). Unnið er úr mæligögnum sem safnað er í stöð á Garðaholti. Gögn eru 10 mín. meðaltöl og unnin yfir í meðaltöl klukkustundar og dags. Meðaltal PM10 svifryks 2023 var ekki mjög hátt, 9,9 µg/m3 fyrir mælingu með leysiagnatalningu. Þetta er þó heldur ekki sérstaklega lágt ef horft er til þess að stöðin má teljast bakgrunnsmælistöð fyrir þéttbýli borgarsvæðisins í kring. Meðaltal brennisteinstvíoxíðs (SO2) á mælistöðinni var 1,1 µg SO2/m3 og er nokkru hærra en meðaltal á Norðurhellu á sama tíma. Gróðurverndarmörk árs eru 20 µg SO2/m3 . Hæsta meðaltal dags þ. 16.12. mældist 9 µg SO2/m3 og langt undir heilsuverndar-mörkum (125 µg/m3) í suðvestan stinningsgolu. Meðaltal loftkennds brennisteinsvetnis (H2S) á mælistöðinni var 4,1 µg H2S/m3 , sem er undir ársheilsuverndarmörkum (5 µg H2S/m3). Niðurstaðan er svipuð og á Norðurhellu á sama tímabili. Stöðin er ný og ekki hægt að meta niðurstöður m.t.t. fyrri ára. Stöðin er áhugaverð sem bakgrunnsstöð í þéttbýli og fyrir það hversu vel hún veit við stórum hluta höfuðborgarsvæðisins. Mælingar á árinu fóru ekki yfir umhverfismörk sem sett eru eða voru innan leyfðra frávika.
Heilbrigðisnefnd þakkar samantektina og vekur athygli á að hægt er að nálgast skýrslurnar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins. Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að þessi loftgæðastöð er ný og að mikilvægt sé að efla loftgæðamælingar á svæði nefndarinnar.

8. Loftgæðavöktun Hvaleyrarholti, samantekt 2023

Lagt fram til kynningar samantekt loftgæðavöktunar frá loftgæðastöðvum staðsettum á Hvaleyrarholti og við Lónakot í í Hafnarfirði. Mæliþættir í lofti eru: Svifryk, PM10 og PM2,5, nituroxíð (NO, NO2, NOX), brennisteinstvíoxíð (SO2), brennisteinsvetni (H2S) og flúoríð (F gask. og F í ryki). Unnið er úr mæligögnum sem safnað er á stöðvum ISAL og Umhverfisstofnunar á Hvaleyrarholti og við Lónakot. Meðalhiti ársins á Hvaleyrarholti mældist 7,4°C, meðalvindhraði í Straumsvík mældist 5,1 m/s og algengustu áttir voru suðlægar og austlægar áttir. Suðvestanáttir eru óalgengar en árið 2023 var tíðni þeirra ráðandi um 17% tímans, sem er lítilleg hækkun frá síðasta ári. Veðurfar ársins 2023 var að mestu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

hagstætt. Það var hægviðrasamt, þurrt, snjólétt og illviðri tiltölulega fátíð. Ryk árið 2023 var með hærra móti miðað við undanfarin ár, en ársmeðaltal PM2,5 var 4,4 µg/m3 . Hæsta meðalgildi dags var PM2,5 20,1 µg/m3 þ. 8.11 í austan golu en það er undir heilsuverndarmörkum (50 µg/m3). Hæsta stundargildi mældist PM2,5 267,9 µg/m3 þ. 1.1 á miðnætti í norðan stinningskalda. Þrjú næsthæstu gildi ársins mældust á síðustu klukkutímum ársins og voru öll af völdum flugelda. Ársmeðaltal brennisteinstvíoxíðs (SO2) á Hvaleyrarholti var 1,7 µg SO2/m3 og er það aðeins yfir meðallagi miðað við undanfarin ár. Gróðurverndarmörk árs eru 20 µg SO2/m3 . Hæsta meðaltal dags mældist 18,1 µg SO2/m3 þ. 21.11 í suðvestan stinningskalda og er langt undir heilsuverndarmörkum (125 µg/m3). Ársmeðaltal loftkennds brennisteinsvetnis (H2S) á Hvaleyrarholti var 3,4 µg H2S/m3 , sem er undir ársheilsuverndarmörkum (5 µg H2S/m3). . Í tilviki H2S koma hæstu styrkir fram í austanáttum og jafnframt mælist langmestur hluti H2S einnig í austanáttum og er uppruni þess jarðhitasvæði Reykvíkinga á Hengilssvæðinu og Hellisheiði. Meðaltöl ársins fyrir flúor voru svipuð og undanfarin ár. Meðaltalið fyrir gaskenndan flúor, reiknaðan sem HF, var 0,03 µg HF/m3 á vaxtartímabili gróðurs 1.4-30.9 og er það undir gróðurverndarmörkunum 0,3 µg HF/m3 . Tvö eldgos á Reykjanesi kunna að hafa haft áhrif á flúor mælingar á árinu. Ársmeðaltal niturtvíoxíðs (NO2) á Hvaleyrarholti var 5,8 µg NO2/m3 og er það í hærra lagi miðað við undanfarin ár. Hæsta meðaltal dags mældist 47,8 µg NO2/m3 þ. 5.1 í sunnan kuli og frosti, og er það undir heilsuverndarmörkum fyrir sólarhring (75 µg/m3). Í heild voru mælingar árins 2023 í hærra lagi og hækkuðu allir mæliþættir á milli ára. Mögulega hafa eldgos á Reykjanesi haft einhver áhrif þar á en einnig hefur umferð aukist mikið eftir Covid-faraldurinn.

Heilbrigðisnefnd þakkar kynninguna, en mælingar á Hvaleyrarholti eru hluti af umhverfisvöktun Rio TInto á Íslandi (ISAL) og eru unnar af Efnagreiningum Hafrannsóknarstofnunar fyrir ISAL. Á samráðsfundi ISAL, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sem haldin var 14. maí sl. kom fram að óvissa væri um rekstur loftgæðastöðvarinnar þar sem UST ætlar að draga sig út úr rekstri hennar. Samkvæmt vöktunaráætlun í starfsleyfi ISAL eru mæliþættir sem ISAL sér um flúor og brennisteinsdíoxíði. Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á mikilvægi loftgæðamælinga í nágrenni álversins og að ekki verði dregið úr mælingum frá því sem nú er.

9. Formennska í heilbrigðisnefnd

Samkvæmt samþykktum um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, skulu formaður og varaformaður nefndarinnar kosnir til tveggja ára í senn og skiptast á milli Hafnarfjarðar og Kópavogs.

Linda Hrönn Þórisdóttir fulltrúi Hafnarfjarðabæjar hefur gengt stöðu formanns undanfarin ár en samkvæmt samþykktum mun því Svanur Karl Grjetarsson taka við formennsku frá og með 1. júní 2024.

Heilbrigðisnefnd þakkar Lindu Hrönn fyrir formennskuna á liðnum árum og óskar Svani Karli velfarnaðar sem formaður heilbrigðisnefndar.

10. Tónlistarhátíðin Hjarta Hafnarfjarðar

Á afgreiðslufundi heilbrigðiseftirlitsins 22. maí sl. var tekið fyrir umsókn um starfsleyfi fyrir tónlistarhátíðina, Hjarta Hafnarfjarðar. og var starfsleyfið samþykkt. Tónlistarhátíðin stendur yfir frá 27.06.2024 til 04.08.2024.

Heilbrigðiseftirlitinu barst kvörtun frá húsfélagi Norðurbakka 1-3 en Norðurbakki 1-3 stendur um 60 metra frá fyrirhuguðu tónleikatjaldi. Í starfsleyfi fyrir hátíðina sumarið 2023 fór heilbrigðiseftirlitið fram á að gerðar yrðu hljóðmælingar, þar sem mælt yrði hljóðstig við Norðurbakkann. Heilbrigðiseftirlitið hefur skoðað niðurstöður þeirra mælinga og er jafngildishljóðstig (LAeq) innan við mörk sem gilda sem fram koma í reglugerð um hávaða nr.724/2008, þ.e. 47.4 LAeq. Samkvæmt reglugerðinni eru mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi á verslunar,- þjónustu- og miðsvæðum á tímabilinu frá kl.7-23, 55 LAeq. Forsvarsmönnum hátíðarinnar er þó gert skylt að gera allt sem í valdi þeirra til að koma í veg fyrir ónæði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

af völdum hávaða og er opnunartími í samræmi við reglugerðina þ.e. til 2300. Hreinlæti og gæsla hefur verið til fyrirmyndar á hátíðinni.
Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu heilbrigðiseftirlits varðandi starfsleyfi og umsagnir um tækifærisleyfi vegna hátíðarinnar.

11. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 30. apríl 2024
Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykkta nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi.

12. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 8. maí 2024
Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykkta nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi .

13. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 14. maí 2024
Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykkta nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi .

14. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 22. maí 2024
Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykkta nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi .

Undirskrift fundargerðar

Linda Hrönn Þórisdóttir formaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Svanur Karl Grjetarsson aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

6. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 30.4.2024	**Fundartími: 08:30 – 09:30**
Boðaðir:	Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir
Fundarstjóri:	Hörður Þorsteinsson
Ritari:	Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. **Bakkakot Mosfellsbær - Eyrvogur ehf**
2. **Kópavogsbraut 69-71, Kópavogi - skráning -niðurrif**
3. **Faxatún 9, Garðabæ - Rekstrarleyfi - umsögn**
4. **Borgarholtsbraut 19, Kópavogi - tækifærisleyfi, umsögn**

1. Bakkakot Mosfellsbær - Eyrvogur ehf

L12002 Eyrvogur ehf - L12002

Lögð fram umsókn Birgis Sigþórssonar f.h. Eyrvogur ehf., kt. 660424-1560 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingasölu í Golfskálanum Bakkakoti, Mosfellsbæ.
Eftirlitsskýrsla dags.30.04.2024.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfis samþykkt til 12 ára.

---

2. Kópavogsbraut 69-71, Kópavogi - skráning -niðurrif

K-19062 2024 Niðurrif, hús, asbest og fl.

Lögð fram umsókn Sigurjóns Gunnsteinssonar f.h. Kópavogsbraut ehf., kt. 700816-3540, dags. 16.04.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrif mannvirkja að Kópavogsbraut 69-71, Kópavogi. Fasteignanr. F2063545 og F2356498. Eftirlitsskýrsla dags. 30.04.2024. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er mælt með staðfestingu skráningar.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er mælt með staðfestingu skráningar.

3. Faxatún 9, Garðabæ - Rekstrarleyfi - umsögn

K-19127 Faxatún 9 Skara ehf Umsagnabeiðni - Rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.01.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Skara ehf., kt. 470623-1600, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II –C Minna gistiheimili að Faxatúni 9, Garðabæ. fnr.F2069966.
Ekki liggur fyrir starfsleyfisumsókn.
Neikvæð umsögn, þar sem ekki liggur fyrir starfsleyfi.

4. Borgarholtsbraut 19, Kópavogi - tækifærisleyfi, umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 19.04.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kársnes ehf., kt. 560119-2830 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, þann 24.05.2024 frá kl. 17.00 – kl. 01.00 þann 25.05.2024 í tilefni af Kársneshátíð í Mossley. Áætlaður gestafjöldi er 200 manns.
Jákvæð umsögn staðfest. Hámarksfjöldi gesta eru 55.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

7. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 8.5.2024	**Fundartími: 08:30—09:30**
Boðaðir:	Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir; Máni Þór Magnason
Fundarstjóri:	Hörður Þorsteinsson
Ritari:	Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. **Hörgslundur 8, Garðabæ – nuddstofa, skráningarskyldur atvinnurekstur**
2. **Vesturvör 32, Kópavogi - lyftaraverkstæði - skráningarskyldur atvinnurekstur**
3. **Holtsgata 14 Hafnarfirði - niðurrif – skráningarskyldur atvinnurekstur**
4. **Bakkakot Mosfellsbær - Eyrvogur ehf -umsög - rekstrarleyfi**
5. **Litlatún 3, Garðabær - Hagkaup – tóbaksleyfi**
6. **Kársnesbraut 112, Kópavogi – veisluþjónusta**
7. **Þverholt 1, Mosfellsbær - rekstrarleyfi - ný umsögn**
8. **Helluhraun 2, Hafnarfirði - Trésmíðaverkstæði - skráningarskyldur atvinnurekstur**

1. Hörgslundur 8, Garðabæ – nuddstofa, skráningarskyldur atvinnurekstur

Yoga Natura ehf. - L12012

Lögð frám umsókn f.h. Yoga Natura ehf., kt. 541218-1060 dags. 06.04.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir nuddstofu að Hörgslundi 8, Garðabæ.
Eftirlitsskýrsla 06.05.2024. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa 08.04.2024.
Með vísan til hollustuháttareglugerðar er skráning staðfest.

2. Vesturvör 32, Kópavogi - lyftaraverkstæði - skráningarskyldur atvinnurekstur

Steinbock-Þjónustan ehf. - L11993

Lögð fram umsókn Bjarkar Arnljótsdóttur f.h. Steinbock þjónustan ehf., kt. 460472-0209 dags. 23.04.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir lyftaraverkstæði. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 06.05.2024.
Með vísan til ákvæð mengunarvarnareglugerðar er skráning staðfest.

3. Holtsgata 14 Hafnarfirði - niðurrif - skráningarskyldur atvinnurekstur

K-19062 2024 Niðurrif HEF, hús, asbest og fl.

Lögð fram umsókn Hermanns Þórs Baldurssonar f.h. Berserkir ehf., dags. 07.05.2024 þar sem sótt er um skráning fyrir niðurrif mannvirkja að Holtsgötu 14, Hafnarfirði. Tímabundið leyfi.
Eftirlitsskýrsla dags. 08.05.2024
Með vísan til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er skráning staðfest til 01.07.2024.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

4. Bakkakot Mosfellsbær - Eyrvogur ehf -umsög - rekstrarleyfi
K-19492 Bakkakot golfskáli Mosfellsdal - rekstrarleyfi
umsókn um leyfi til reksturs veitingaleyfi - C veitingastofa og greiðasala - flokkur II
Jákvæð umsögn.Starfsleyfi komið Eftirlitsskýrsla dags.30.04.2024.
Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn með vísan til starfsleyfis dags. 30.04.2024.

5. Litlatún 3, Garðabær - Hagkaup - tóbaksleyfi
Lögð fram umsókn Ísaks Pálmasonars f.h. Hagkaup Garðabæ, kt. 430698-3549, dags. 24.04.2024, þar sem sótt er um endurnýjun á tóbaksleyfi fyrir Hagkaup, Litlatúni 3, Garðabæ. Eftirlitsskýrsla dags. 06.05.2024
Leyfisveiting staðfest til 4 ára.

6. Kársnesbraut 112, Kópavogi - veisluþjónusta
L11664 Cibo Amore - Starfsleyfi
Lögð fram umsókn Davíðs Más Sigurðssonar, f.h. Cibo Amore., kt. 441212-1190 dags. 15.01.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veisluþjónustu að Kársnesbraut 112, Kópavogi. Fasteignanr. F2063144.
Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags 07.05.2024
Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

7. Þverholt 1, Mosfellsbær - rekstrarleyfi - ný umsögn
Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 22.03.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn KG þjónustan ehf., kt.450711-1010 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir A veitingahús í fl. II að Þverholti 1, Mosfellsbæ, Fasteignanr. F2084981.
Jákvæð umsögn staðfest þar sem fyrir liggur samþykkt starfsleyfi dags. 17.04.2024.

8. Helluhraun 2, Hafnarfirði - Trésmíðaverkstæði - skráningarskyldur atvinnurekstur
L11975 Viðhald og Nýsmíði ehf - L11975
Lögð fram umsókn Brynjars Guðmundssonar f.h. Viðhald og nýsmíði ehf., kt. 431194-2879, dags. 21.03.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir trésmíðaverkstæði að Helluhrauni 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2075365. Endurnýjun.
Eftirlitskýrsla dags. 04.04.2024.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

8. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 14.5.2024	**Fundartími: 08:30 – 09:30**
Boðaðir:	Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir
Fundarstjóri:	Hörður Þorsteinsson
Ritari:	Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. **Þrastanes 14 Garðabæ - starfsleyfi - fótaaðgerðastofa**
2. **Lyngás 14, Garðabær - matvælaframleiðsla**
3. **Hólshraun 1, Hafnarfirði - matvöruverslun**
4. **Hlíðasmári 8, Kópavogi - matvælavinnsla**
5. **Flugubakki 2A-Drífubakki 3, Mosfellsbæ - reiðskóli**
6. **Móabarð 32b, Hafnarfirði - Dýralæknaþjónusta**

1. Þrastanes 14 Garðabæ - starfsleyfi - fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Heru Sveinsdóttur kt. 220963-5949 f.h. Fótaaðgerðarstofa Heru dags. 07.05.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fótaaðgerðastofu að Þrastarnesi 14 Garðabæ. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 14.05.2024.
Með vísan til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2. Lyngás 14, Garðabær - matvælaframleiðsla

Inan ehf - L11990
Lögð fram umsókn Lovísu Ásgeirsdóttur f.h. Inan ehf., kt. 691105-0670, dags. 16.04.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Lyngási 14, Garðabæ. Fasteignanr. F2244797. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 06.05.2024.Bréf sent byggingafulltrúa dags.17.04.2024. Jákvætt svar dags. 07.05.2024.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerðar er starfsleyfi samþykkt.

3. Hólshraun 1, Hafnarfirði - matvöruverslun

Fjarðarkaup ehf. - L11947
Lögð fram umsókn Sveins Sigurbergssonar f.h. Fjarðarkaup ehf., kt. 650398-3359, dags. 28.02.2024 þar sem sótt er endurnýjun starfsleyfis fyrir stórmarkað og matvöruverslun að Hólshrauni 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2222949. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 02.05.2024
Með vísan til ákvæða reglugerða um matvæli - hollustuhætti og mengunarvarnir er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

4. Hlíðasmári 8, Kópavogi - matvælavinnsla
Matar kompaní ehf - L11788
Lögð fram umsókn Guðmundar Óla Sigurjónssonar, f.h. Matar kompaní ehf., kt. 610218-0910 dags. 18.09.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælavinnslu/sala í verslunum að Hlíðasmára 8, Kópavogi. Fasteignanr. kjallari. Viðbót við starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 06.05.2024.
Með vísan til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 26.11.2030.

5. Flugubakki 2A-Drífubakki 3, Mosfellsbæ - reiðskóli
Leó Hauks ehf - Reiðskólinn Flugubakka - L11998
Lögð fram umsókn Sonju Noack f.h. Leó Hauks ehf., kt. 540115-0440 dags. 10.04.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir reiðskóla að Flugubakka 2A/Drífubakka 3, Mosfellsbæ. Ný starfsemi. Fasteignanr. F2084485/F2238297.
Eftirlitsskýrsla dags. 11.04.2024.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6. Móabarð 32b, Hafnarfirði - Dýralæknaþjónusta
Dýralæknaþjónustan SISVET - L11962
Lögð fram umsókn Sigríðar Ingu Sigurjónsdóttur f.h. Dýralæknaþjónustan SISVET slf., kt. 640117-0870, dags. 15.03.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dýralæknaþjónustu að Móabarði 32b, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078285. Ný starfsemi.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 19.03.2024. Samþykkt byggingafulltrúa dags. 20.03.2024.
Eftirlitsskýrsla dags. 05.04.2024.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

9. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 22.5.2024	**Fundartími: 08:30 – 09:30**
Boðaðir:	Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir
Fundarstjóri:	Hörður Þorsteinsson
Ritari:	Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. **Suðurnesvegur 10, Garðabæ - reiðskóli - starfsleyfi**
2. **Strandgata 6 Hafnarfirði - bæjar-og tónlistarhátíð - starfsleyfi**
3. **Strandgata 6 Hafnarfirði - bæjar-og tónlistarhátíð – tækifærisleyfi - umsögn**
4. **Strandgata 6 Hafnarfirði - bæjar-og tónlistarhátíð – tækifærisleyfi - umsögn**
5. **Strandgata 6 Hafnarfirði - bæjar-og tónlistarhátíð – tækifærisleyfi - umsögn**
6. **Strandgata 6 Hafnarfirði - bæjar-og tónlistarhátíð – tækifærisleyfi - umsögn**
7. **Strandgata 6 Hafnarfirði - bæjar-og tónlistarhátíð – tækifærisleyfi - umsögn**
8. **Strandgata 6 Hafnarfirði - bæjar-og tónlistarhátíð – tækifærisleyfi - umsögn**
9. **Kaplakriki Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn**
10. **Nýbýlavegur 8, Kópavogi - Brugghús**
11. **Hrísmóar 4, Garðabæ - dreifing matvæla**
12. **Hamraborg 14a, Kópavogi - snyrtistofa – skráningarskyld atvinnustarfsemi**
13. **Hörgslundur 8, Garðabæ - nuddstofa - skráningarskyld atvinnustarfsemi**

1. Suðurnesvegur 10, Garðabæ - reiðskóli - starfsleyfi

Reiðskólinn hjá Sif og Karen - L12007

Lögð fram umsókn Karenar E. Barrysd. Woodrow f.h. Reiðskólinn hjá Sif og Karen kt. 430524-2240, dags. 03.05.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir reiðskóla að Suðurnesvegi 10, Garðabæ. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.05.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2. Strandgata 6 Hafnarfirði - bæjar-og tónlistarhátíð - starfsleyfi

Bæjarbíó slf - Tónlistarhátíð - L12009

Lögð fram umsókn Páls Eyjólfssonar f.h. Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir Bæjar- og tónlistarhátíðina Hjarta Hafnarfjarðar 2024, við Bæjarbíó og útisvæðið fyrir aftan hús.

Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt frá 27.06.2024 - 04.08.2024.

3. Strandgata 6 Hafnarfirði - bæjar-og tónlistarhátíð - tækifærisleyfi

Bæjarbíó slf - Tónlistarhátíð - L12009

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.05.2024 f.h. Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir hátíðina Hjarta Hafnarfjarðar sem haldin er við Strandgötu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

6, Hafnarfirði, frá 27.06.2024 frá kl. 14.00-kl. 23.00 aðfaranótt 03.07.2024. Áætlaður gestafjöldi er 1800 manns.
Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn.

4. Strandgata 6 Hafnarfirði - bæjar-og tónlistarhátíð - tækifærisleyfi
Bæjarbíó slf - Tónlistarhátíð - L12009
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.05.2024 f.h. Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir hátíðina Hjarta Hafnarfjarðar sem haldin er við Strandgötu 6, Hafnarfirði, frá 04.07.2024 frá kl. 14.00-kl. 23.00 aðfaranótt 10.07.2024. Áætlaður gestafjöldi er 1800 manns.
Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn.

5. Strandgata 6 Hafnarfirði - bæjar-og tónlistarhátíð - tækifærisleyfi
Bæjarbíó slf - Tónlistarhátíð - L12009
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.05.2024 f.h. Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir hátíðina Hjarta Hafnarfjarðar sem haldin er við Strandgötu 6, Hafnarfirði, frá 11.07.2024 frá kl. 14.00-kl. 23.00 aðfaranótt 17.07.2024. Áætlaður gestafjöldi er 1800 manns.
Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn.

6. Strandgata 6 Hafnarfirði - bæjar-og tónlistarhátíð - tækifærisleyfi
Bæjarbíó slf - Tónlistarhátíð - L12009
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.05.2024 f.h. Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir hátíðina Hjarta Hafnarfjarðar sem haldin er við Strandgötu 6, Hafnarfirði, frá 18.07.2024 frá kl. 14.00-kl. 23.00 aðfaranótt 24.07.2024. Áætlaður gestafjöldi er 1800 manns.
Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn

7. Strandgata 6 Hafnarfirði - bæjar-og tónlistarhátíð - tækifærisleyfi
Bæjarbíó slf - Tónlistarhátíð - L12009
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.05.2024 f.h. Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir hátíðina Hjarta Hafnarfjarðar sem haldin er við Strandgötu 6, Hafnarfirði, frá 25.07.2024 frá kl. 14.00-kl. 23.00 aðfaranótt 31.07.2024. Áætlaður gestafjöldi er 1800 manns.
Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn.

8. Strandgata 6 Hafnarfirði - bæjar-og tónlistarhátíð - tækifærisleyfi
Bæjarbíó slf - Tónlistarhátíð - L12009
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.05.2024 f.h. Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir hátíðina Hjarta Hafnarfjarðar sem haldin er við Strandgötu 6, Hafnarfirði, frá 01.08.2024 frá kl. 14.00-kl. 23.00 aðfaranótt 06.08.2024. Áætlaður gestafjöldi er 1800 manns.
Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

9. Kaplakriki Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.05.2024 (08.05.2024) þar sem óskað er umsagnar fyrir tækifærisleyfi Boxfit kt. 420718-0550 fyrir viðburð í Kapplakrika þann 07.06.2024 frá kl. 18:00 - 23:30
Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn.

10. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - Brugghús
Gæðingur ehf. Starfsleyfi. - L09271
Lögð fram umsókn Árna Hafstad f.h. Gæðingur ehf. kt.660810-0800, dags. 26.04.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir brugghús að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Fasteignanr. 115668. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla 21.05.2024.
Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

11. Hrísmóar 4, Garðabæ - dreifing matvæla
Reykjavik 1922 ehf. - L11995
Lögð fram umsókn Helgu Yngvinsdóttur f.h. Reykjavík 1922 ehf., kt. 520124-1010, dags. 16.04.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Hrísmóum 4, Garðabæ. Ný starfsemi. Dreifing frá vöruhúsi.
Eftirlitsskýrsla dags. 22.05.2024.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

12. Hamraborg 14a, Kópavogi - snyrtistofa – skráningarskyld atvinnustarfsemi
Beauty Pro ehf. - L11896
Lögð fram umsókn Kristrúnar Sifjar Gunnarsdóttur, f.h. Beauty Pro ehf. Kt. 470923-0910 dags. 05.01.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Hamraborg 14a, Kópavogi. Ný starfsemi. Fasteignanr: F2061410.
Eftirlitsskýrsla dags.21.02.2024. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 09.01.2024 Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 16.05.2024.
Með vísan..

13. Hörgslundur 8, Garðabæ - nuddstofa - skráningarskyld atvinnustarfsemi
Lögð fram umsókn Rakelar Fleckenstein, kt. 020965-4799, dags. 06.04.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir nuddstofu að Hörgslundi 8, Garðabæ. Fasteignanr. F2070913. Ný starfsemi Eftirlitsskýrsla dags.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er skráning staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026